



Kolefnishlutleysi: Stökk úr markmiðum í aðgerðir

Sjálfbærniteymi KPMG

Nóvember 2022

Stökk fyrirtækja frá markmiðum kolefnislosunar í aðgerðaáætlun

Í átt að kolefnishlutleysi

Fyrirtæki á heimsvísu hafa fjárfest rúmum 64 þúsund milljörðum íslenskra króna í verkefni og skuldbindingar er varða kolefnishlutleysi samkvæmt greiningu Bloomberg frá 2021. Þá hafa yfir 3.000 fyrirtæki á heimsvísu tileinkað sér vísindaleg markmið, byggð á SBTi (e. Science Based Targets initiative), til að minnka kolefnisspor sitt. Þar af hafa meira en 1.400 fyrirtæki tengt losunarmarkmið sín við Parísarsamkomulagið um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C.²

Þótt þessar skuldbindingar bendi til þess að framfarir séu í átt að kolefnishlutleysi á heimsvísu er erfitt að meta ápreifanlegan árangur þeirra. Sem dæmi hafa aðeins 110 af 2.000 stærstu skráðu fyrirtækjum heims sett sér markmið um kolefnishlutleysi. Einungis 25% af þeim 110 fyrirtækjum uppfylla kröfur Parísarsamkomulagsins sem þarf til að ná markmiðum um kolefnishlutleysi.³

Fyrirtæki geta beðið orðsporshnekki og misst trúverðugleika, láti þau markmið kolefnishlutleysis í léttu rúmi liggja eða nýti sér slík áform í markaðsskyni. Standi fyrirtæki ekki við skuldbindingar sínar eiga þau einnig á hættu á að verða fyrir bakslagi vegna brostinna loforða í garð fjárfesta, lánastofnana, viðskiptavina, starfsfólks og samfélagsins. Aðgerðarleysi er að sama skapi skref aftur á bak í alþjóðlegri samvinnu kolefnishlutleysis.

Mikilvægt er að setja markmið til skemmri tíma og vera með aðgerðaáætlun um hvernig þeim skal náð. Í þessari grein skýrum við í stuttu máli frá hvernig fyrirtæki geta þróað slíkar aðgerðir og kortlagt leiðir til að hefjast handa í átt að kolefnishlutleysi sínu.

Staðan á Íslandi:

- 48% af 100 stærstu fyrirtækjum á Íslandi hafa opinberlega sett fram markmið um samdrátt í losun á CO₂
- Þar af hafa einungis fimm sett sér markmið um samdrátt í losun í samræmi við SBTi

Heimild: Greining KPMG

¹ Heimild: "Energy Transition Investment Hit \$500 Billion in 2020 – For First Time", BloombergNEF, Janúar 2021

² Heimild: COMPANIES TAKING ACTION, Science-Based Targets

³ Heimild: "Taking stock: A global assessment of net-zero targets," Energy & Climate Intelligence Unit and Oxford Net Zero, Mars 2021



Aðgerðaáætlun byggir á fimm mikilvægum skrefum

Markmið kolefnishlutleysis eru ekki ósvipuð nýársheitum, auðvelt að setja þau en erfiðara að fylgja eftir. Breytingar á hegðun, verklagi og framkvæmdum eru nauðsynlegar til að ná árangri. Þegar fyrirtæki stefna í átt að kolefnishlutleysi

byggir vegferðin á breytingum ferla og rekstrareininga sem geta reynst mörgum krefjandi. Þrátt fyrir áskoranir er mikilvægt að fyrirtæki stefni ótrauð að því að flétta kolefnishlutleysi við viðskiptaáætlanir, stefnur og almennan rekstur.

Heildræna stefnu og sérsniðin markmið aðgerðaáætlunar er gerlegt að útbúa á nokkrum mánuðum. KPMG aðstoðar við þróun slíkra áætlana og byggja þær á eftirfarandi fimm skrefum (Mynd 1).

Mynd 1. Þróun aðgerðaáætlunar um kolefnishlutleysi í fimm skrefum

1. Greining gróðurhúsalofttegunda

- Stöðumat
- Mat á gæðum fyrri greiningar
- Skilgreining grunnviðmiða
- Greining losunar út frá viðurkenndum stöðlum
- Mat á gæðum og aðgengi gagna
- Losun brotin niður eftir uppruna (umfang 1, 2 eða 3)



2. Greining framtíðarmarkmiða

- Ákvörðun markmiða og áætlunar um kolefnishlutleysi
- Skilgreining áherslusviða umfangs 1, 2 og 3
- Glöppugreining núverandi stöðu og framtíðarsýnar
- Mikilvægisgreining

Fyrsta skrefið byggir á ítarlegu stöðumati og greiningu á kolefnisspori fyrirtækisins. Það snýr að eignum þess (m.a. byggingum, ökutækjum og búnaði) og losun innan virðiskeðjunnar, mati á áhrifum loftslagsáhættu á virðiskeðju og hvernig best sé að brúa bilið milli núverandi stöðu og framtíðarsýnar um kolefnishlutleysi. Því næst er farið í sviðsmyndagreiningu. Hún tekur tillit til nýjustu loftslagsvísinda og greinir áhrif mismunandi aðgerða á samdrátt í losun og fjárhagsleg áhrif á fyrirtækið. Með slíka greiningu að leiðarljósi geta stjórnendur sett markmið og mótað stefnu sem leiðarvísi í átt að kolefnishlutleysi.

Aðferðaáætlun byggir á fimm mikilvægum skrefum

Aðferðafræði KPMG gerir viðskiptavinum kleift að koma á fót viðmiðum og sviðsmyndum sem kortleggja ferli, stefnur og áætlanir í takt við fjármagnsáætlanir fyrirtækisins.

4. Vegvísir og framkvæmdaáætlun

- Kortlagning verkefna
- Könnun fjármögnunarmöguleika
- Skilgreining mæligilda og hvata
- Röðun forgangsbætra stefnumótunar og rekstrarlíkana (áskoranir varðandi hlutverk, ferla o.s.frv.)


3. Sviðsmyndir

- Greining fýsilegra kosta og áhrif þeirra á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda
- Greining á kolefnishlutleysiferlum
- Greining á fjárhagslegum áhrifum fýsilegra kosta
- Greining á fjárhagslegum áhrifum við kaup á kolefnisjöfnunareiningum
- Greining úrbóta og markmiða kolefnishlutleysis



5. Innleiðing í rekstur

- Verkefni sett af stað
- Markmiðum hrint í framkvæmd, fylgst með framvindu og afköstum áætlunar ásamt viðhaldi verkferla reglulegra skýrslugerða
- Upplýsingum um loftslagsáhættu komið til skila til stjórnendateyma
- Samskipti við fjárfesta og aðra hagsmunaaðila sé þess óskað



Hver er ávinningurinn?

Mikilvægt er að fyrirtæki útbúi raunhæfa og gagnadrifna aðgerðaáætlun sem byggir á nýjustu loftslagsvísindunum. Annars er hættu á að markmið sem hafa verið sett séu of slök eða náist ekki. Raunhæf, gagnadrifin aðgerðaáætlun sem byggir á viðurkenndri aðferðafræði felur í sér margskonar ávinning fyrir umhverfið, samfélagið og efnahag fyrirtækja.

Umhverfið

- Samdráttur loft-, jarðvegs- og vatnsmengunar til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilsu fólks og vistkerfa
- Minni losun gróðurhúsalofttegunda sem dregur úr áhrifum loftlagsvárs
- Verndun náttúru og líffræðilegs fjölbreytileika sem við þurfum á að halda

Samfélag

- Betri heilsa fyrir samfélagið í heild vegna minni losunar
- Eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk sem sækist eftir fjölbreyttara og áhrifaríkara starfi

Efnahagur

- Lækkun kostnaðar vegna orku- og/eða markaðskerfa á borð við ESB ETS¹ og minni auðlindanotkunar (t.d. orka, vatn og hráefni)
- Auknar tekjur vegna jákvæðrar umfjöllunar um sjálfbærni fyrirtækis og framboð á sjálfbærari vörum og þjónustu
- Aukin samkeppnishæfni
- Aukið aðgengi að fjármagni

Science-Based Targets initiative (SBTi)

SBTi eru samtök sem staðfesta markmið og aðgerðaáætlanir fyrirtækja og stofnana ef þau eru í samræmi við það sem þarf til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins samkvæmt nýjustu loftslagsvísindum. Þannig hafa þau sett skýra og skilgreinda leið fyrir fyrirtæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirtæki og stofnanir sem vilja fá staðfestingu þurfa að fara í gegnum skilgreint ferli en fyrsta skrefið er að skuldbinda sig til að setja sér markmið. Einnig eru til önnur átaksverkefni sem fyrirtæki og stofnanir geta skuldbundið sig til, þar á meðal Business Ambition fyrir 1,5°C og Race to Zero. Þau fyrirtæki og stofnanir sem fara í gegnum ferlið við að fá staðfestingu frá SBTi njóta góðs af eftirfarandi:

- **Aukinn trúverðugleiki á markaðnum.** Fjárfestar hafa í auknum mæli áhuga á loftslagsstefnum fyrirtækja þar sem þau leitast við að auka hlut sinn í sjálfbærum fjárfestingum. SBTi nýtur trausts á markaðnum, sérstaklega hjá fjárfestum. Til dæmis segja 52% stjórnenda að skuldbinding þeirra gagnvart SBTi hafi aukið traust fjárfesta á fyrirtækinu.
- **Samkeppnisforskot.** Þar sem viðskiptavinir leitast í auknum mæli við að verða sjálfbærari kemur það fáum á óvart að 55% fyrirtækja í könnun sem SBTi gerði á meðal þeirra fyrirtækja sem hafa skuldbundið sig við markmiðin sögðust hafa aukið samkeppnisforskot sitt eftir staðfestingu frá SBTi.

¹ ESB ETS: Stærsta alþjóðlega viðskiptakerfi í heiminum með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda sem ná til um 45% af losun innan ESB, auk Íslands, Liechtenstein og Noregs. Flug og iðnaðarstarfsemi á Íslandi falla undir kerfið.

Aðgerðaáætlun krefst þverfaglegs skilnings og samstarfs

Þó auðvelt sé að mæla kolefnisfótspor fyrirtækja og setja markmið um útblástur reynast róttækar rekstrarbreytingar, umfang verkefnis sem og tímasetningar nauðsynlegra fjárfestinga erfiðari viðureignar.

Til að fylgja aðgerðaáætlun og hrinda markmiðum í framkvæmd þarf að huga að eftirfarandi:

Kolefnishlutleysi í samræmi við stefnumótun og fjárhagsáætlun

Árangur aðgerðaáætlunar veltur á stuðningi, forgangsroðun og skilningi stjórnar og æðstu stjórnenda á sjálfbærni.

Fjárfestingar og fjármögnunarleiðir

Fyrirtæki þurfa að huga að fjármögnun aðgerða um kolefnishlutleysi, færa skattaafslátt og ívilnanir og íhuga útgáfu grænna skuldabréfa.

Forgangsroðun og áfangaskiptar fjárfestingar

Aðgerðaáætlunin ætti að fela í sér bæði skammtíma- og langtímamarkmið sem byggja á hagkvæmni, málamiðlun og kostnaðarábatagreiningu.

Nauðsynlegur rekstrarrámmi aðgerðaáætlunar

Framkvæmdir geta verið allt frá uppsetningu LED ljósa yfir í flóknari útfærslur orkuskipta.

Leiðsögn og samningagerð

Sem dæmi nýta fyrirtæki sér vegvísa og leiðbeiningar á borð við Greenhouse Gas Protocol og Science Based Targets Initiative til að setja sér markmið um kolefnishlutleysi.



Sjálfbærniteymi KPMG á Íslandi



Helga Harðardóttir

Partner

Hluthafi KPMG með mikla reynslu í innri og ytri endurskoðun, áhættustýringu og stjórnarháttum.



Dr. Hafþór Ægir Sigurjónsson

Head of Sustainability

Fyrrum meðeigandi Circular solutions, PhD í verkfræði. Áralöng reynsla af sjálfbæmiráðgjöf.



Hildur Flóvenz Tryggvadóttir

Manager

Master í stjórnun fyrirtækja þriðja geirans. Mikil reynsla í verkefnum tengdum félagslegum þáttum, stjórnarháttum og upplýsingagjöf.



Dr. Kevin Joseph Dillman

Manager

PhD í umhverfis- og auðlindafræði, með mikla þekkingu og reynslu í greiningu loftslagsmála og hringrásarhagkerfa.



Sævar Helgi Bragason

Manager

Sérfræðingur um loftslagsmál og stjórnfræði. Hefur setið í mörgum ráðum um framtíð og aðgerðir loftslagsmála.



Anna-Bryndís Zingsheim Rúnudóttir

Senior Associate

Umhverfshagfræðingur frá Kings College í London með sérþekkingu innan sjálfbærra fjármála, hringrásarhagkerfa og loftslagsmála.



Helena Óladóttir

Senior Associate

Master í umhverfisfræði. Mikil reynsla í innleiðingu vottaðra gæðakerfa og umhverfisskerfa hjá fyrirtækjum og stofnunum.



Lára Portal

Associate

Master í stjórnun fyrirtækja í skapandi iðngreinum. Hefur mikla þekkingu á sjálfbærnitengdri upplýsingagjöf, stefnumótun og skýrslugerð.

Reynsla KPMG

Sjálfbærniteymi KPMG byggir á fjölbreyttum bakgrunni loftslagsvísinda, umhverfisverkfræði, umhverfshagfræði, gæðamála og sjálfbærra fjármála. Teymið hefur unnið margslungnar aðgerðaáætlanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út frá sviðsmyndagerð sem tekur tillit til greininga frá IPCC. Jafnframt hefur teymið aðstoðað fyrirtæki við að bjóða upp á kolefnisjafnaðar vörur og þjónustu. KPMG veitir einnig ráðgjöf við ferli kolefnisjöfnunar. Auk þess þekkir teymið vel til SBTi og hefur veitt viðskiptavinum ráðgjöf í gegnum ferlið.

KPMG á Íslandi hefur aðgang að alþjóðlegu neti KPMG Global. Sett hefur verið á laggirnar alþjóðleg miðstöð um loftslagsbreytingar og kolefnishlutleysi (e. KPMG Climate Change and Decarbonisation Center) þar sem sérfræðingar KPMG aðstoða viðskiptavini á heimsvísu að skilgreina aðgerðir til að draga úr losun.



© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.